



Álagningarreglur fasteignagjalda í Borgarbyggð 2025

Fasteignaskattur:

0,35% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda í dreifbýli og jarðeigna, útihúsa og mannvirkja á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthúsa, allra hlunninda og sumarbústaða ásamt lóðarréttindum skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna ásamt lóðarréttindum, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

1,39% af fasteignamati allra annarra fasteigna ásamt lóðarréttindum skv. c-lið 3. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

Lóðaleiga:

1,50% af fasteignamati íbúðarhúsalóða en 2,00% af fasteignamati annarra lóða.

Vatnsgjald:

Vatnsgjald Vatnsveitu Álfтанeshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru veitunni, þó að hámarki kr. 36.220 á hverja jörð/sumarhús. Vatnsgjald Vatnsveitu Hraunhrepps er kr 34.300 af hverju íbúðarhúsi og sumarhúsi sem tengd eru veitunni.

Söfnun, meðhöndlun, móttaka og flokkun úrgangs:

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
140 l spartunna sótt á 28 daga fresti	26.682
240 l grá tunna sótt á 28 daga fresti	43.513
660 l kar sótt á 14 daga fresti	178.978
660 l kar sótt á 28 daga fresti	119.319
1.100 l kar sótt á 14 daga fresti	298.297
1.100 l kar sótt á 28 daga fresti	198.865
	kr./losun



6 m ₃ gámur	44.012
8 m ₃ gámur	58.724

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
240 l tunna sótt á 28 daga fresti	6.359
240 l tunna sótt á 42 daga fresti	6.359
660 l kar sótt á 28 daga fresti	17.486
660 l kar sótt á 42 daga fresti	6.359
1.100 l kar sótt á 21 daga fresti	29.144
	Kr./losun
6 m ₃ gámur	30.547
8 m ₃ gámur	39.898

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
240 l tunna sótt á 28 daga fresti	6.359
240 l kar sótt á 42 daga fresti	6.359
240 l kar sótt á 28 daga fresti	17.486
660 l kar sótt á 14 daga fresti	6.359
1.100 l kar sótt á 28 daga fresti	29.144
	Kr./losun
6 m ₃ gámur	30.547
8 m ₃ gámur	39.898

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgang:

Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
140 l tunna sótt á 14–28 daga fresti	13.590

Aðrir gjaldaliðir:



Gjald fyrir aukalosun	5.860 kr /ferð auk 2.057 kr/ílát
Gjald vegna reksturs gámasvæða fyrir frístundahús	43.119 kr / frístundahús
Gjald vegna reksturs grenndarstöðva og móttökustöðar í Borgarnesi	33.539 kr / íbúð
Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta	4.364 kr í hvert sinn

Tæming rotþróa:

Árgjald fyrir tæmingu rotþróa á vegum sveitarfélagsins:

kr. 14.019 fyrir 1 – 3100 lítra rotþró

kr. 16.162 fyrir 3101 – 6000 lítra rotþró

kr. 19.308 fyrir 6001 – 10000 lítra rotþró

fyrir stærri rotþrær skv. gjaldskrá.

Söfnun og eyðing dýraleifa:

Grunngjald er kr. 37.336 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé 171 kr

Nautgripir 556 kr

Hross 551 kr

Alifuglar 3 kr

Gjalddagar:

Gjalddagar eru tíu, 25. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15.

ágúst, 15. september og 15. október, nema heildarálagning sé undir kr. 25.000, þá er einn gjalddagi sem er 15. maí.

Eindagi er fimmtánda dag næsta mánaðar eftir gjalddaga nema hvað fyrsti eindaginn er 25. febrúar.

Afsláttur elli- og örorkulífeyrispega:



Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 5.065.000 er veittur 100% afsláttur með tekjur á

bilinu kr. 5.065.001 – 5.864.000 er veittur 75% afsláttur með tekjur á

bilinu kr. 5.864.001 – 6.654.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 8.375.000 er veittur 100% afsláttur með tekjur á bilinu kr.

8.375.001 – 9.364.000 er veittur 75% afsláttur með tekjur á bilinu kr.

9.364.001 – 10.464.000 er veittur 50% afsláttur

Álagningarseðlar verða eingöngu sendir til þeirra sem eru 77 ára og eldri og fyrirtækja en allir álagningarseðlarnir eru aðgengilegir á „Mínar síður / Pósthólf“ á heimasíðunni www.island.is

Ef gjaldendur telja álagninguna ekki rétta er hægt að fara fram á endurálagningu. Skrifleg beiðni þar um ásamt rökstuðningi skal berast skrifstofu Borgarbyggðar eigi síðar en mánuði eftir álagningu gjaldanna.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir til þeirra sem eru 77 ára eða eldri og þeirra sem þegar hafa óskað eftir að fá þá senda til sín. Aðrir fá ekki greiðsluseðla en geta greitt þá í heimabanka sínum.



Vinsamlega hafið samband við skrifstofu Borgarbyggðar ef óskað er eftir að fá senda greiðsluseðla og eins geta þeir sem orðnir eru 77 ára afpakkað greiðsluseðla. Síminn á skrifstofu Borgarbyggðar er 433-7100 og netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is